

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skeljungur Vestmannaeyjum

Dags eftirlits 22.02.2012
Fyrirtæki Skeljungur
Heimili Borgartún 26
Kennitala 5902691749
ÍSAT nr. 51.51.0

Fulltrúi UST Gottskálk Friðgeirsson
Fulltrúi UST
Tegund eftirlits Reglubundið
Flokkur Olía
Fulltrúi fyrirtækis Eiríkur Þorsteinsson
Staðsetning 436288,588 327656,205

Niðurstaða eftirlits

Við eftirlit kom fram eitt frávik frá kröfum í starfsleyfi, en engin athugasemd var gerð við stöðina.

Umfang eftirlits

Farið var yfir kröfur í starfsleyfi sem gerðar eru til stöðvarinnar. Einn leigugeymir í FES-inu hefur ekki verið botnþykktarmældur og telst það frávik. Rekstraraðili skal láta botnþykktarmæla geyminn, annaðhvort á eigin vegum eða krefja eiganda um botnþykktarmælingu ellegar tæma geyminn og taka hann úr rekstri. Allar aðrar mælingar sem krafa er gerð um eru í góðu lagi. Næstu þrýstiprófanir (2013) skal gera á „809“ lögnunum sem liggja á milli olíubirgðastöðvar og hafnar en þær eru bæði notaðar til löndunar á olíu og eins til afgangslu í skip.

Farið var yfir magntölur fyrir stöð Skeljungs, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þrær), olíuskiljur og fráveitumál. Geymar Skeljungs í FES-inu og hjá VSV voru einnig skoðaðir.

Starfsleyfi er í gildi til 2018. Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru í rekstrarhandbók.

Bensín er geymt í stöðinni. Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 252/1999, um varnir við losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda (VOC), við geymslu á bensíni og dreifingu þess frá birgðastöðvum til bensínstöðva, eru fyrirliggjandi geymar með föstu þaki í olíubirgðastöðvum undanþegnir ákvæðum um gufuendurnýtingarbúnað. Stöðin í Vestmannaeyjum hefur ekki gufusöfnunarbúnað.

Yfir 400,000 lítrar af úrgangsolíu fóru um olíubirgðastöðina á síðasta ári. Vel eru um þetta gengið og kvittanir fyrir móttöku olíunnar og afgangslu í skip liggja fyrir. Engin úrgangsolía var seld Hitaveitu Suðurnesja á síðasta ári og eru líklega um tvö ár síðan HS brenndi síðast úrgangsolíu.

Frávik frá

Grein 3.2 um eftirlitsmælingar kveða á um að botnar geyma og neðsta umfar þeirra skuli mæla á minnst 10 ára fresti.

2012 - 12

Frávik

Botnþykktarmælingar á geymi sem Skeljungur hefur í notkun í FES-inu. Engar mælingar á botnþykkt og efnisþykkt í plötum í neðsta umfari leigugeymis Skeljungs í FES-inu liggja fyrir. Krafa er gerð um þessar mælingar.

Athugasemdir

Engin athugasemd var gerð við stöðina.

Reykjavík, 20.03.2012



 Undirskrift eftirlitsaðila

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum. *

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.